

41.stjórnarfundur KRAFT var haldinn á skrifstofu sambandsins 19.september 2013 og hófst klukkan 17.30.
Mætt: Sigurjón, Óskar Ingi, Aron, Guðjón og Gry. Kári boðaði forföll.

Þetta gerðist:

1. Anna Sigríður Arnardóttir, formaður aganefndar, mætti á fundinn. Rædd voru málefni nefndarinnar. Nauðsynlegt er að skýra verklagsreglur og umboð hennar.
Framkvæmd: Sigurjón gerir drög að nýjum reglum.

Anna Sigríður vék af fundi og þakkaði Sigurjón henni fyrir gott framlag til umræðunnar.

2. Lágörk vegna íslandsmeta í klassískum kraftlyftingum samþykkt.
Framkvæmd: Gry birtir lágörkin á kraft.is
 3. Reglugerð um félagsaðild og félagaskipti.
Drög lögð fram, rædd, lagfærð og samþykkt.
Framkvæmd: Gry birtir á kraft.is og sendir til formanna.
 4. RIG og ÍM í bekkpressu.
Ekkert félag hefur sótt um ÍM í bekkpressu 2014 og mótanefnd leggur til að þetta verði samvinnuverkefni undir stjórn KRAFT. Ákveðið að mótið verði haldið.
Framkvæmd: Gry fer á fyrsta undirbúningsfund
 5. Erindi frá mótanefnd.
Mótanefnd er að ganga frá mótaskrá 2014. Nokkrum spurningum svarað að því tilefni.
Framkvæmd: Gry kemur skilaboðum stjórnar til mótanefndar. **Guðjón og Sigurjón** ræða við Íþróttabandalag fatlaðra um formlegra samstarf og hugsanleg aðild að mótaskrá KRAFT.
- Grétar Hrafnsson, landsliðsþjálfari, mætti á fundinn.
6. Grétar skýrði frá málefnum landsliðsins og bar nokkur mál undir stjórn.
Stjórnin ítrekar stuðning sinn við áherslur landsliðsnefndar og -þjálfara.
 7. Græjumál.
Sigurjón upplýsti að keppnissettin frá Eleiko fara í skip mánudaginn 24.september.
Ákveðið var að selja að sinni ekki æfingarlóð og stangir í eigu sambandsins, heldur leyfa nýjum félögum afnot af þeim.
 8. Fjáröflun.
Brýnt er að koma fjáröflunarnefndina á laggirnar.
Framkvæmd: Sigurjón hefur samband við Borghildi, Sigfús og Magnús.
 9. Önnur mál
Sigurjón upplýsti að hann muni ekki sitja ársþing IPF. Gry verður fulltrúi Íslands.
Gry upplýsti að þrír nýir kraftlyftingadómarar hafi bæst á dómaraalistann.

Ekkert fleira gert.

Fundi slitið kl. 20.00

Fundaritari: Gry Ek